

Með þátttöku í Samvinnunni fær fyrirtækið greitt fyrir starfsþjálfun nýrra starfsmanna

Dæmi skrifstofumaður:

Grunnlaun skv. kjarasamningi og launatengd gjöld: 208.000,-

Greiðsla Vinnumálastofnunar: 162.000,-

(Grunnatvinnuleysisbætur og 8% mótframlag í lífeyrissjóð.)

Atvinnurekandi greiðir: 46.000,-

Saman styrkjum við stoðir atvinnulífsins á Íslandi og eflum fyrirtæki og starfsmenn.



Samvinnan

Samvinna
Vinnumálastofnunar
og atvinnulífsins
í uppbyggingu Íslands

Umsóknum um gerð
samnings og nauðsynlegum
fylgigögnum skal skila til
Vinnumálastofnunar. Nánari
upplýsingar má finna á vefnum,
www.vinnumalastofnun.is
og hjá viðkomandi
þjónustuskrifstofum
Vinnumálastofnunar.



Hvernig virkar Samvinnan?

Fyrirtæki, sveitarfélög, stofnanir og frjáls félagasamtök geta fjölgað starfsmönnum með þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum. Atvinnurekandi ræður einstakling sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Atvinnurekandinn greiðir einstaklingnum laun samkvæmt gildandi kjarasamningum en á móti þeim greiðslum greiðir Vinnumálastofnun atvinnurekandanum grunnatvinnuleysisbætur einstaklingsins ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð.

Samvinnan er vinnumarkaðsúrræði með þátttöku fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana eða frjálsra félagasamtaka

Starfsþjálfun

- Ráðningin skal fela í sér aukningu á starfsmannafjölda.
- Einstaklingur í starfsþjálfun má ekki hafa starfað innan greinarinnar áður eða lengri tími en 1 ár er liðinn síðan hann lét af störfum innan hennar.
- Samningurinn er gerður til 6 mánaða að hámarki og hann má ekki framlengja vegna sama einstaklings, nema hann hafi skerta starfsorku og þurfi nauðsynlega lengri tíma.

Reynsluráðning

- Ráðningin skal fela í sér aukningu á starfsmannafjölda.
- Einstaklingurinn skal fá tækifæri til að öðlast reynslu á starfssviði atvinnurekanda í þeim tilgangi að stuðla að framtíðarráðningu.
- Atvinnurekandi skuldbindur sig til að ráða einstaklinginn til starfa að samningi loknum í a.m.k. jafn langan tíma og gildistími samningsins.
- Samningurinn er gerður til 6 mánaða að hámarki og hann má ekki framlengja vegna sama einstaklings, nema hann hafi skerta starfsorku og þurfi nauðsynlega lengri tíma.

Starfsorka

- Fyrir fyrirtæki eða stofnanir sem vilja þróa nýja viðskipta-hugmynd á sviði nýsköpunar eða vöruþróunar.
- Ráðningin skal fela í sér aukningu á starfsmannafjölda.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal votta nýsköpunarvægi verkefnisins.
- Framvinduskýrslu skal skilað til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eftir þrjú mánuði og aftur við lok verkefnisins.
- Verkefnið þarf að vera til þess fallið að veita atvinnuleitanda framtíðarstarf. samninginn má framlengja um sex mánuði að fenginni umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Átaksverkefni

- Fyrirtæki, stofnanir eða frjáls félagasamtök geta ráðið atvinnuleitanda til að sinna tímabundnum verkefnum umfram venjuleg umsvif.
- Samningurinn er gerður til sex mánaða og ekki framlengdur vegna sama atvinnuleitanda.
- Ráðningin skal fela í sér aukningu á starfsmannafjölda.

